



Borgarráð

Erindisbréf - Viðburðastjórn Ráðhúss Reykjavíkur

Hjálagt erindisbréf Viðburðarstjórnar Ráðhúss Reykjavíkur, dags. 5. september 2023, er lagt fram til kynningar.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf Viðburðastjórnar Ráðhúss Reykjavíkur, dags. 5. september 2023

ERINDISBRÉF

Viðburðastjórn Ráðhúss Reykjavíkur

Ábyrgðaraðili:

Borgarritari

Hlutverk viðburðastjórnar:

Ráðhús Reykjavíkur er mikilvæg miðstöð stjórnsýslu, þjónustu, menningar og lista. Í Ráðhúsinu eru alla jafna fjölmargir viðburðir í hverjum mánuði auk þess sem húsið hýsir miðlæga stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og mannauðs- og starfsumhverfissvið. Viðburðastjórn Ráðhúss er ætlað að samræma ákvarðanatöku og stefnumörkun er snýr að viðburðahaldi í Ráðhúsinu og tryggja upplýsingaflæði á milli þeirra aðila sem að starfsemi hússins koma.

Helstu verkefni:

- Afgreiðir beiðnir um afnot af Tjarnarsalnum og öðrum húsakosti Ráðhúss í samræmi við reglur þar að lútandi.
- Afgreiðir beiðnir um leigu á rýmum í Ráðhúsi vegna hjónavígslna.
- Afgreiðir ýmis erindi er varða húsakost Ráðhússins, t.a.m. vegna flöggunar, lýsingar og merkinga.
- Ber ábyrgð á að reglum um Tjarnarsal sé framfylgt og leggur til endurskoðun á þeim eftir þörfum.

Sérverkefni árið 2023:

- Gera tillögu að reglum um heimsóknir og leiðsagnir í Ráðhúsi í samvinnu við viðburðateymi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.
- Gera tillögu að reglum um heimsóknir og leiðsagnir í Höfða í samvinnu við móttökufulltrúa Reykjavíkurborgar.

Viðburðastjórn skipa:

Tinna Garðarsdóttir, fulltrúi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, formaður.

Aðalheiður Santos Sveinsdóttir, fulltrúi viðburðateymis og viðburðastjóri Ráðhúss

Hulda Gunnarsdóttir, fulltrúi samskiptateymis.

Ósk Sigurðardóttir, fulltrúi húsvörslu.

Sandra Dröfn Gylfadóttir, starfsmaður viðburðastjórnar

Til ráðgjafar og samstarfs:

Dagný Ingadóttir, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Magnús Sigurðsson, þjónustu- og nýsköpunarsvið.

Starfstímabil: Viðburðastjórn starfi til ársloka 2024 og verður þá endurskipuð.

Reykjavík, 5. september 2023

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari